

Nd. 175. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 33 1945, um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Flm.: Helgi Jónasson.

1. gr.

Fyrsti málsli. 2. efnismálsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Ef í hlut eiga sjúkrahús, er ráðherra viðurkennir sem fjórðungssjúkrahús, eitt á Vestfjörðum, annað á Norðurlandi, þriðja á Austurlandi og hið fjórða á Suðurlandsundirlöndum, greiðir ríkissjóður allt að þrem fimmtu byggingarkostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eina breytingin, sem lagt er til í frv. þessu að gerð verði á gildandi lögum um þetta efni, er sú, að bætt verði við einu sjúkrahúsi á Suðurlandsundirlöndum við þau þrjú, sem um getur í 1. gr., laganna. Ekki held ég, að hægt verði að telja það ósanngjarn, þótt fjórðungssjúkrahús verði reist á Suðurlandsundirlöndum; það nær yfir 3 sýslur, V.-Skaftafellssýslu með 1437 íbúa, Rangárvallasýslu með 2994 íbúa og Árnassýslu með 5848 manns, eða samtals 10 þúsund 279 manns samkvæmt manntali 1951. Fólki hefur fjölgað hin 2 síðustu ár í þessum héruðum, og allar líkur benda til þess, að fjölgun verði þar enn meiri á komandi árum.

Í þessu stóra og þéttbýla héraði er ekkert sjúkrahús, og hefur svo verið um skeið. Fyrir nokkru voru rekin sjúkraskýli bæði í Vík í nokkur ár og á Stórólfs-hvoli um alllangt skeið, allt til ársins 1942. En nú eru þau ekki lengur við líði, enda voru þau og mjög ófullkomin, miðað við þær kröfur, sem nú verður að gera til sjúkrahúsa, þótt þau á sínum tíma væru til mikilla bóta fyrir þau héruð, er nutu þeirra. Nú verður að senda alla sjúklinga, er þarfnast sjúkrahúsvistar, til Reykjavíkur og getur oft, sérstaklega á vetrum, verið miklum erfiðleikum bundið að komast þá leið með veikt fólk og oft illkleift að fá húsaskjól í yfirfylltum sjúkrahúsum höfuðborgarinnar. Það er því að vonum orðið mikið áhugamál fjölda manna í þessum héruðum, að ráðin verði bót á þessu og að á næstunni verði reist sjúkrahús austanfjalls við hæfi þessara héraða.